HVAÐ ERU RAUNVERULEG GRAFÍKVERK?

Þar sem áhugi á grafíklist hefur aukizt til muna hér á landi á síðastliðnum árum, er ekki úr vegi að rifja upp grein eftir Claudine Wayser, sem birtist í „Art press international" í febrúar 1978 og fjallar um frumverk í grafíklist.

Í dag er í gangi í heiminum mikill fjöldi grafíkverka. Oft er erfitt að sjá hvort um er að ræða eftirprentun eða raunverulegt grafíkverk. Áður en grafíkverk telst frumverk verður það að gangast undir nákvæma athugun sérfræðinga, sem skera úr um að hve miklu leyti listamaðurinn sjálfur hefur unnið í verkinu. Ef viðkomandi verk fullnægir ekki tilteknum skilyrðum, minnkar hlutfallslega gildi verksins og um leið rýrnar það í verði.

En lítum nú á eftirfarandi atriði sem hafa ber í huga þegar talað er um raunveruleg grafíkverk.

— Listamaðurinn verður að teikna á grafíkplötuna (steininn, dúkinn).
— Listamaðurinn verður að vinna grafíkplötuna (steininn, dúkinn).
— Frumverk eru aðeins þau verk, sem koma beint frá grafíkplötunni (steininum, dúknum).
— Pappírinn verður að vera endingargóður og í samræmi við hverja grafíktegund.
— Framleiðsla er gerð með samþykki listamannsins. Sú venja að undirrita verkin með blýanti er nýtilkomin. Hún var ónauðsynleg áður en kom til sögunnar ljósmyndatækni sem gerir mögulega nákvæma eftirlíkingu grafíkverka. Gamlar grafíkmyndir bera því oft enga undirskrift.
— Sérhvert eintak verður að vera númerað og gefa til kynna heildarupplagið.
— Útgefendur eru ábyrgir fyrir raunverulegu gildi verksins í 30 ár frá og með söludegi.

Listamenn — listverð

Eftirfarandi listi var birtur 1978. Þar eru taldir upp helztu grafíklistamenn Evrópu, lífs og liðnir. Getið er um hámarksverð grafíkverka þeirra, sem þá höfðu ekki enn verið slegin.

PIERRE ALECHINSKY f. í Bruxelles 1927. Félagi í COBRA-hreyfingunni. Á samning hjá Galerie de France / La Hune / Lahumiere..
Verð: 500/1.900 FF, stórt upplag: 400 FF.
„L' inconditionnement humain" (300 eintök), eitt litografíueintak var selt í Mílanó 1976 fyrir 660 FF.

HANS BELLMER (1902/1975) Surrealisti. Galerie editions Visat / La Hune. Verð: grafík: 4.000—5.000 FF. Lito. 1.200—2.000 FF. Hann hefur lítið unnið í grafík, en mikið af grafík hefur verið gert eftir hans teikningum.

ALEXANDRE CALDER (1898—1976). Abstract-myndhöggvari. Galerie Maeght / La Hune. Verð: 1.500—5.000 FF. Verkið „Composition" lito. nr. 49/95 seldist í Belgíu fyrir 2.340 FF árið 1976. Geometrísk grafíkverk hans eru í mestu verði.

MARC CHAGALL f. í Rússlandi 1887, en hefur búið í Frakklandi. Onerísk figuration. Galerie Maehgt / Lahumiere. Verð: 10.000—35.000 FF. „La mort de Dorcron" (1960) lito. seldist í Hamburg árið 1976 fyrir 36.000 FF.

SONJA DELAUNAY f. 1885 í Ukranínu, en hefur búið í París. Orphisme um 1913. Galerie Denise Rene /Artcurial. Verð: 1.000—3.500 FF.

JEAN DEWASNE f. 1921 í Frakklandi. Geometrísk abstraction. Galerie Attali / Lahumiere. Verð: 900—1900 FF.


MAX ERNST (1891—1976). Surealisti. Galerie La Hune / Visat. Verð: 5.000—15.000 FF.

JEAN-MICHEL FOLON f. 1934. Er búsettur í París. Bókaskreytari og listmálari. Galerie La Hune. Verð: 1.000—20.000. FF. Hann er einn vinsælasti grafíklistamaður í dag.

HANS HARTUNG f. í Þýzkalandi 1904 en er búsettur á Antibes. Lýrísk abstraction. Galerie de France / La Hune / Lahumiere. Verð: 1.000—1.200 FF.

ANDRE MASSON f. 1896 í Hune. Verð: 3000—4000 FF. „Composition grise, rouge, et jaune" lito.no.93/100 (51×69) var seld fyrir 4.600 FF í Sviss árið 1976. Poliakoff vann aldrei sjálfur í grafík. Aftur á móti hafa verið gerð grafíkverk eftir teikningum hans. Sagt er að hann hafi ekki vitað muninn á dúkristu og litografíu.


PIERRE SOULAGES f. 1919. Búsettur í Frakklandi. Parísarskólinn — lýrísk abstraction. Galerie de France / La Hune. Verð: 1.400—1.500 FF. Uppseld verk eru nú metin á 3.500 FF, en eru ekki til sölu.



Victor Vasarely: Hnöttur. 1972. Litógrafía í litum.



Marc Chagall: Sjálfsmynd með grímu. 1924. Litógrafía.



Hans Hartung: Litho No. 32. 1957. Litógrafía.



Pablo Picasso: Mínótárus. 1933.

Myndlist



ROBERTO MATTA f. 1912 í Chile. Búsettur í Frakklandi. Surrealisti. Galerie Lacros / La Hune. Verð: 1.500—2.500 FF.

JOAN MIRO f. 1893 á Spáni. Surrealisti. Galerie Lahumiere / La Hune / Maeght. Verð: 5.000—25.000 FF.

PABLO PICASSO (1881—1973). Kúbisti. Galerie Bernheim / Lahumiere. Verð: dúkristur: 10.000 FF, önnur grafík: 100.000—300.000 FF. „Minautoromachie" (æting) 1935 var seld í Bern árið 1976 fyrir 474.000 FF.

SERGE POLIAKOFF (1906-1969). Abstraction. Galerie de France /La Frakklandi. Surrealisti. Galerie La Hune/Lacros / La Gravure. Verð: 1.000—1.200 FF. Hann hefur m.a. skreytt bækur eftir Malraux, Desnos, Stein og Jouhandeau.

GERARD TITUS-CARMEL f. 1942. Búsettur í París. Teiknari. La Hune. Verð: 450—1.200 FF.

VICTOR VASARELY f. 1908. Búsettur í Frakklandi. Op list. Galerie Denise Rene / Lahumiere. Verð: 1.500—4.000 FF.

VLADIMIR VELICKOVIC f. 1935. Búsettur í París. Nýja figurationin. Galerie Odermatt / La Hune. Verð: 450—1.200 FF.

JACQUES VILLON (1875—1963). Var í grúppunni Section d'or. Galerie La Hune / du Lion. Verð: 4.000—79.000 FF. Grafíkverk hans frá kúbiska tímabilinu eru mjög dýr og eftirsótt.

ZAO WOU-KI f. 1920 í Kína. Búsettur í París síðan 1948. Lýrísk abstraction. Galerie de France / La Hune. Verð: 1.400—1.500 FF.

Gunnar B. Kvaran.